

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/2056

2017/EES/10/59

frá 13. nóvember 2015

um breytingu á ákvörðunum 2009/300/EB, 2009/563/EB, 2009/894/EB, 2011/330/ESB og 2011/337/ESB í því skyni að lengja gildistíma vistfræðilegu viðmiðananna við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir tilteknar vörur

(tilkynnt með númeri C(2015) 7781) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 66/2010 frá 25. nóvember 2009 um umhverfismerki ESB ⁽¹⁾, einkum c- lið 3. mgr. 8. gr.,

að höfðu samráði við umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/300/EB ⁽²⁾ fellur úr gildi 31. desember 2015.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/563/EB ⁽³⁾ fellur úr gildi 31. desember 2015.
- 3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/894/EB ⁽⁴⁾ fellur úr gildi 31. desember 2015.
- 4) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/330/ESB ⁽⁵⁾ fellur úr gildi 31. desember 2015.
- 5) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/337/ESB ⁽⁶⁾ fellur úr gildi 31. desember 2015.
- 6) Unnið hefur verið mat til að staðfesta mikilvægi núverandi vistfræðilegu viðmiðananna og það hversu viðeigandi þær eru, sem og tilheyrandi kröfur um mat og sannpröfun sem komið var á með ákvörðunum 2009/300/EB, 2009/563/EB, 2009/894/EB, 2011/330/ESB og 2011/337/ESB. Þar eð núverandi vistfræðilegar viðmiðanir og tilheyrandi kröfur um mat og sannpröfun, sem eru settar fram í þessum ákvörðunum, eru enn í endurskoðun er rétt að framlengja gildistíma þessara vistfræðilegu viðmiðana og tilheyrandi krafna um mat og sannpröfun til 31. desember 2016.
- 7) Því ætti að breyta ákvörðunum 2009/300/EB, 2009/563/EB, 2009/894/EB, 2011/330/ESB og 2011/337/ESB til samræmis við það.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 66/2010.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað 3. gr. ákvörðunar 2009/300/EB komi eftirfarandi:

„3. gr.

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „sjónvarpstæki“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannpröfun skulu gilda til 31. desember 2016.“

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 300, 17.11.2015, bls. 41. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 57/2016 frá 18. mars 2016 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 27, 30.1.2010, bls. 1.

⁽²⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/300/EB frá 12. mars 2009 um endurskoðaðar vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir sjónvörp (Stjtið. ESB L 82, 28.3.2009, bls. 3).

⁽³⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/563/EB frá 9. júlí 2009 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir skófatnað (Stjtið. ESB L 196, 28.7.2009, bls. 27).

⁽⁴⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/894/EB frá 30. nóvember 2009 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir viðarhúsgögn (Stjtið. ESB L 320, 5.12.2009, bls. 23).

⁽⁵⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/330/ESB frá 6. júní 2011 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir fistölvur (Stjtið. ESB L 148, 7.6.2011, bls. 5).

⁽⁶⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/337/ESB frá 9. júní 2011 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir einkatölvur (Stjtið. ESB L 151, 10.6.2011, bls. 5).

2. gr.

Í stað 3. gr. ákvörðunar 2009/563/EB komi eftirfarandi:

„3. gr.

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „skófatnaður“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun skulu gilda til 31. desember 2016.“

3. gr.

Í stað 3. gr. ákvörðunar 2009/894/EB komi eftirfarandi:

„3. gr.

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „viðarhúsgögn“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun skulu gilda til 31. desember 2016.“

4. gr.

Í stað 3. gr. ákvörðunar 2011/330/ESB komi eftirfarandi:

„3. gr.

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „fistölvur“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun skulu gilda til 31. desember 2016.“

5. gr.

Í stað 4. gr. ákvörðunar 2011/337/ESB komi eftirfarandi:

„4. gr.

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „einkatölvur“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun skulu gilda til 31. desember 2016.“

6. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 13. nóvember 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Karmenu VELLA

framkvæmdastjóri.